

463/992

SAMNINGUR

Adalgetu 13

Við undirritaðir, eigendur Félagsheimilis Súgfirðinga] á Suðureyri, gerum með okkur svofelldan samning um eignaskiptingu Félagsheimilisins svo og um rekstur og framkvæmdir í því.

1) Samningurinn tekur til fasteignarinnar Félagsheimili Súgfirðinga, kt: 540169-3579, ásamt lóðarréttindum.

2) Fasteignin er ein óskipt heild, nema Kvennfélagið Arsól skal hafa til ráðstöfunar herbergi á efri hæð í austurálmú frambyggingar með eftirfarandi skilyrðum:

Herbergið skal eingöngu notað til félagsstarfsemi í eigin þágu. Félaginu er óheimilt að leigja út herbergi sitt endurgjaldslaust til annara aðila nema með samþykki húsvörðar. Hvers konar sölustarfsemi á vegum félagsins sjálfs eða annara, hverju nafni sem þeir nefnast, er óheimilt í þessu herbergi.

Formaður félagsins skal hafa lykil að herberginu og bakdyrum hússins. Hann skal ávalt þegar því verður við komið hafa samband við húsvörð, þegar einhver starfsemi fer fram í herberginu. Meðlimir félagsins skulu kappkosta að ganga sem best og snyrtilegast um húsið, þá er þeir nota aðstöðu sína.

Gjald fyrir ljós, hita og rafmagn er ákveðið í leiguskrá Félagsheimilisins hverju sinni.

3) Eignahlutföll eigenda eru:

Suðureyrarhreppur	55	%
Verkalýðs- og sjómannafélagið Súgandi	15	%
Kvennfélagið Arsól	15	%
Iþróttafélagið Stefnir	15	%

Reiknislegur hlutur eigenda í fasteigninni á hverjum tíma er ofangreint hlutfall af fasteingarmati hennar.

4) Eigendum er óheimilt að selja eða afhenda á nokkurn hátt til eignar hluti sína í fasteigninni, nema allir samþykki það. Veðsetning eignarinnar er á sama hátt óheimil nema með samþykki allra eigenda.

5) Félagsheimili Súgfirðinga skal reka sem sjálfseignarstofnun. Sveitarsjóður hefur með rekstur þess að gera og er ábyrgur fyrir honum. Aðrir eignaraðilar bera enga ábyrgð umfram það sem segir í 2) lið.

6) Hreppsnefnd skipar nefnd til umsjónar með rekstri Félagsheimilisins. Hreppsnefnd ræður húsvörð að tillögu nefndarinnar ef þurfa þykir.

7) Allar framkvæmdir og fjárfestingar í Félagsheimilinu og á lóð þess eru að öllu leyti á kostnað og ábyrgð sveitarsjóðs Suðureyrar frá undirritun þessa samnings.

8) Rísi ágreiningur milli eigenda um skilning þessa samnings eða framkvæmd eða um atriði varðandi fasteignina, sem ekki kann að vera kveðið á um hér að framan, og ekki verður jafnað innan 30 daga, skal sá ágreiningur útkljáður til fullnustu af tveimur mönnum, tilnefndum af sýslumanni Ísafjarðarsýslu.

9) Oski einhver eigenda eftir breytingum á þessum samning, skal nefnd skipuð einum fylltrúa frá hverjum eiganda koma sér saman um breytingartillögu(r). Náist ekki samkomulag í nefndinni um slíka(r) tillögu(r) skal með málið fara eins og segir í lið 8). Tillögu(r) til breytinga, sem slík nefnd leggur fram, skal/skulu hjóta staðfestingu allra eigenda.

10) Af samning þessum eru gerð fimm samhljóða eintök, eitt handa hverjum eiganda og eitt til þinglýsingar.

Suðureyri 1/6 1992,

f.h. Verkalyðs- og Sjómannafélagsins Súgandi,

Ríja Refney Magnúsdóttir

f.h. Suðureyrarhrepps,

Jandi KA

f.h. Íþróttafélagsins Stefnirs,

Brindis C. Þingisd.

f.h. Kvennfélagsins Arsól

Sigrún Sigrúnisdóttir

Vottar:

Ingibjörg Sigrún. 'Arsól'
Þórunn Kallísól Stefnir
Jón Víðir Njálmson f.h. V. Súgandi

Skjal nr.

Móttekið til þinglýsingar

15 JUN 1992

Þinglýsingargjald kr. 1000 -

Stimpilgjald kr. 1000 -

Samtals kr. 2000 -